

Ár mánudaginn 6. september kl. 16:00 er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á lögmannsstofu Sigurðar G. Guðjónssonar að Laugavegi 182, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni hrl., Brynjari Níelssyni hrl., og Lúðvík Erni Steinarssyni hrl.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 2/2010

Magni Grenivík
gegn
Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur:

Mál það sem hér er til meðferðar barst skrifstofu KSÍ þann 7. ágúst 2010 en var þá endursent. Málið barst að nýju 30. sama mánaðar.

Dómurinn hefur farið yfir efnisatriði í áfrýjunarskjali.

Samkvæmt gr. 8.2 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólum. Skýrslutaka fer heldur ekki almennt fram fyrir dómnum.

Í hinu áfrýjaða máli er þess krafist að rautt spjald sem Zsolt Orosz fékk í leik Magna Grenivík á móti Leikni Fáskrúðsfirði á Grenivíkurvelli laugardaginn 7. ágúst verði dregið til baka.

Samkvæmt gögnum málsins var framangreint rautt spjald þriðja rauða spjaldið sem leikmaðurinn Zsolt Orosz fékk í leikjum liðs síns á yfirstandandi keppnistímabili.

Samkvæmt skýlausum og skýrum reglum gr. 13.1.2 fer leikmaður sjálfkrafa í þriggja leikja bann eftir þrjár brottvísanir.

Áfrýjunardómstóll KSÍ hefur hvorki vald til að endurskoða ákvarðanir dómara um brottvísanir leikmanna né heldur vald til að breyta lögboðnum refsingum vegna brottvísana úr leikjum á vegum Knattspyrnusambands Íslands.

Áfrýjun Magna Grenivík frá 30. ágúst 2010 er því vísað frá áfrýjunardómstóli KSÍ.

Dómsorð.

Vísað er frá dómi máli Magna Grenivík gegn Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Sigurður G. Guðjónsson

Brynjar Níelsson

Lúðvík Örn Steinarsson.